

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 177/2019**

2022/EES/74/41

frá 14. júní 2019

**um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/226 frá 6. febrúar 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21as (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 0226:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/226 frá 6. febrúar 2019 (Stjttíð. ESB L 41, 12.2.2019, bls. 100).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/226, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 41, 12.2.2019, bls. 100.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.